

Fundagerð 146. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 24. september n.k. kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir Samúel Ingvason, Andrés Bjarnason, Einar Sveinn Kristjánsson, Pétur Freyr Jónsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Guðmundur Helgi Þórarinsson, Sigurður Jóhann Erlingsson og Kristmundur Skarphéðinsson.

Dagskrá :

- 1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 145** – kvittað á fundagerð og prókúruumboð.

- 2. Staða kjaramála.**

Formaður fer yfir stöðu kjarasamninga. Fimm samningar enn lausir og fer yfir það að forsendunefnd almenna samningsins er enn að störfum.

Samningurinn hjá Hafrannsóknarstofnun er langt kominn smá mál eftir.

Landhelgisgæslan staðan er svipuð þar. Báðir þessir samningar snúast um röðun í launatöflu.

Samningurinn við Ísal er að fara í verkfallsboðun. Líklega í byrjun október.

Samningurinn við SFS er í biðstöðu – búið að leggja mikið á sig til þess að ná öllum félögum, það er ekki að takast og verið er að fara að kalla samninganefndina saman á næstu vikum.

Spurt var spyr hvernig formannafundur ASÍ hefði verið og hvort stemmning sé að fresta launahækkunum. Formaður svarar að samstaða hafi verið um að kvika ekki frá launahækkunum.

- 3. Orlofsmál**

- a.** Fjárhagsáætlun – Formaður kynnir fjárhagsáætlun orlofssjóðsins. Samþykkt samhljóma að vinna eftir þessu fyrir 2020.
- b.** Umsjónarmenn orlofshúsa á Laugarvatni. Formaður fer aðeins yfir hvernig sumarstarfið gekk fyrir sig. Formaður fer yfir það að búið er að gera samning við ferðaþjónustuna í Efstadal um umsjón orlofshúsanna á meðan starfsmaður orlofssjóðsins er frá.

4. Lagt fram til upplýsinga.

- a. Fjárhagsáætlun – 6 mánaða staða. Formaður fer yfir stöðuna eftir 6. mánuði. Fjárhagsáætlun er nokkuð á áætlun.
- b. Spurt er um útgáfu blaðsins og hver staðan á því er. Formaður fer yfir stöðuna.
- c. Spurt er um stöðu félagsskirteina hvort einhver vinna sé í kringum það? Formaður svarar að ekki sé vinna í kringum það en það megi skoða þetta. Lagt til að þetta verði kannað sem fyrst.
- d. Yfirlit frá bönkum. Formaður fer yfir stöðuna á ávöxtun frá bönkunum.

5. Stefnumótun – niðurstaða könnunar. Formaður fer yfir könnun sem varð gerð af Attentus fyrir félagið.

6. Önnur mál.

- A) Umræða um stöðu ASÍ og fyrirhugað ASÍ þing.
- B) Fulltrúaráð Birtu, Formaður hefur farið yfir það að það hefur verið erfitt að manna fulltrúaráðið hjá Birtu. Lagður fram listi og hann samþykktur samhljóma.
- C) Lagt fram svar félagsins vegna fyrirspurnar á aðalfundi vegna fjölda vélstjóra á sjó.
- D) Beiðni um styrk – styrktar og sjúkrasjóður. Hafnað.
- E) Reglur styrktarsjóðs full réttindi í sjóði, hverjar eiga reglurnar að vera? Lagt til að formaður kynni hugmynd fyrir næsta fund og upphæðir styrkja.
- F) Starfsmannamál. Samþykkt að setja málið til launaneftdar.
- G) Starfsmannamál – vegna veikinda. Munnleg skýrsla.
- H) Fyrirspurn vegna félagsmanns sem leitaði til lögfræðings félagsins vegna ógreiddra lífeyrisgreiðslna.

Fundi slitið 15:11.